

Á sömu dögum og Seðlabanki Íslands skráir verðgildi erlendra mynta í krónum talið skal Fiskveiðajóður Íslands skrá verðgildi einnar reikningseiningar Fiskveiðasjóðs Íslands í krónum talið með a.m.k. tveimur aukastöfum.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur í hverju tilviki áskilið að lántaki útvegi erlent lán, sem Fiskveiðasjóður yfirtekur og lengir í sumum tilvikum.

Um tilhögun slíkra lánveitinga fer eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

8. gr.

Um öll lán úr Fiskveiðasjóði sem ekki eru að fullu greidd en voru veitt og afgreidd samkvæmt ákvæðum eldri reglugerða fyrir sjóðinn skulu gilda þau hin sömu ákvæði þótt þær reglugerðir séu að öðru leyti felldar úr gildi með 9. gr. þessarar reglugerðar.

9. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 44, 25. maí 1976 um Fiskveiðasjóð Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru eftir því sem við á, sbr. 8. gr., felldar úr gildi reglugerðir nr. 278/1979, fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka, svo og reglugerðir um sama efni, nr. 451/1979, nr. 331/1979, nr. 331/1980, nr. 628/1981, nr. 617/1980, nr. 213/1985, nr. 98/1986 og nr. 52/1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júní 1991.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Mýrdalshreppi.

1. gr.

Sorphirðugjald í Mýrdalshreppi fyrir árið 1991 skal vera kr. 6 200,00 skv. 9. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113/1989.

Gjaldið skal innheimtast með fasteignagjöldum.

2. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Mýrdalshrepps er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

Umhverfissráðuneytið, 14. júní 1991.

F. h. r.

Páll Líndal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.